

**A 1745/hállbart****Afgreiðsla** Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar

**um þingmannatillögu  
um norræna samstöðu á vettvangi ESB um málefni skóga****Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að beita sér fyrir mótun sameiginlegrar norrænnar afstöðu á vettvangi ESB varðandi mikilvægar atvinnugreinar sem byggja á skógarnytjum*

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

*að vinna að og beita sér fyrir sameiginlegri norrænni afstöðu á vettvangi ESB varðandi mikilvægar atvinnugreinar sem byggja á skógarnytjum***Bakgrunnur**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að beita sér fyrir mótun sameiginlegrar norrænnar afstöðu á vettvangi ESB varðandi mikilvægar atvinnugreinar sem byggja á skógarnytjum*

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

*að vinna að og beita sér fyrir sameiginlegri norrænni afstöðu á vettvangi ESB varðandi mikilvægar atvinnugreinar sem byggja á skógarnytjum*

Skógar eru mikilvæg auðlind á Norðurlöndum og gegna einkum stóru hlutverki í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi.



Málefni skóga hafa reglulega verið á dagskrá Norðurlandaráðs. 2014 var samþykkt yfirlýsing í sambandi við tillögu framkvæmdastjórnar ESB um nýja stefnumörkun um skógarnytjar og 2016 var þróuð sameiginleg afstaða vegna tilskipunar ESB um LULUCF (landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt) og viðmið um líforku.

Hjá Norrænu ráðherranefndinni ber MR-FJLS (fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt) ábyrgð á málefnum skóga. Í sambandi við umfjöllun um ráðherranefndartillögu MR-FJLS um samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2017-2020, beindi Norðurlandaráð tilmælum til ráðherranefndarinnar um að leita eftir samnorrænni afstöðu í samningaviðræðum um mikilvægar ESB-gerðir. Í svari Norrænu ráðherranefndarinnar til Norðurlandaráðs vorið 2017 stendur m.a.: „NMR verður áfram vettvangur þar sem norrænu löndin geta fjallað um hugsanlega samnorræna afstöðu í samningaviðræðum innan ESB ef löndin óska þess og það á við.

2008 samþykkti ráðherranefndin yfirlýsingu um málefni skóga<sup>1</sup> þar sem m.a. kemur fram að „nýting norrænna skóga hefur haft einstaka þýðingu fyrir norrænu velferðarsamfélögin.“ Yfirlýsingin beinir sjónum að samstarfi milli norrænu landanna en ekki tengslum við ESB.

Tillagan tengist Agenda 2030 (Dagskrá 2030), markmiði 15 um vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni, undirmarkmiði 15.2: Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbæra stjórnun í öllum gerðum skóga, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurræktun skóga.

Á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar er gott samstarf um málefni skóga þar sem efla mætti ESB-víddina án þess að það þyrfti að hafa mikil áhrif á fjárhagsáætlun.

### Umsagnir

Tillagan var send til umsagnar hagsmunaaðila og stjórnvalda á Norðurlöndum.

**Umhverfisráðuneytið í Finnlandi** segir að norrænu löndin hafi oft sameiginlegra hagsmuna að gæta en þegar kemur að nánari útfærslu geti komið í ljós að forsendur eru ólíkar og því geti orðið erfitt að samræma sjónarmið. Enn fremur séu mörkin milli norrænu landanna og annarra ESB-landa ekki alltaf skýr. Norrænu löndin eru þó oft eðlilegir samstarfaðilar, en það á einnig við um önnur lönd sem líta umhverfismálin sömu augum.

<sup>1</sup> Selfossyfirlýsingin, <http://www.norden.org/da/nordisk-ministerraad/ministerraad/nordisk-ministerraad-for-fiskeri-havbrug-jordbrug-levnedsmidler-og-skovbrug-mr-fjls/deklarationer-erklaringer-og-beslutninger/selfoss-deklarationen-om-haallbart-skogsbruk>



**Umhverfis- og matvælaráðuneyti Danmerkur** leggur áherslu á góð fagpólitísk tengsl sem eru milli norrænu landanna á sviði landbúnaðar og skógræktar. Þau má efla enn frekar þar sem ástæða þykir til og það skapar virðisauka. Bent er á mismunandi aðstæður skógarnytjageirans í norrænu löndunum og að því sé ekki víst að rétt sé eða hægt að horfa á það svið út frá samnorrænu sjónarmiði þegar kemur að tengslum við ESB.

**Landbúnaðar- og matvælaráðuneyti Noregs** bendir á að skógar hafi löngum haft mikla efnahagslega þýðingu í norrænu löndunum og einnig í Eystrasaltsríkjunum, gagnstætt mörgum öðrum Evrópuríkjum þar sem skógar hafa einkum þjónað sem útivistarsvæði. Norðmenn hafa í huga að gerast aðilar að samkomulagi við ESB um sameiginlega uppfyllingu loftslagsmarkmiða fyrir 2030 og mun upptaka og losun vegna skóga verða þáttur í því. Vísað er í árangursríkt samstarf á sviði skógarrannsókna á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og styrk norrænnar samvinnu um þróun sameiginlegs grundvallar í málum þar sem löndin hafa haft sameiginlega hagsmuna að gæta gagnvart ESB.

**Landbúnaðar- og skógræktarráðuneytið í Finnlandi** upplýsir að í Finnlandi hafa verið gerðar tilraunir til að samræma betur starf að málefnum skóga, ekki síst í sambandi við formennsku Finna í Norrænu ráðherranefndinni árið 2016. Ráðuneytið telur að alþekkt sé að sameiginleg norræn rödd sé styrkur í alþjóðlegu samstarfi. Það ögrar samræmingunni að norrænu löndin eru ekki alltaf sammála um forgangsröðun milli efnahagslegra og umhverfislegra þátta þegar er litið til stefnu í málefnum skóga. Líf-hagkerfi sem byggir á skógum ásamt mismunandi timburnýtingu gætu verið svið þar sem hægt væri að þróa samnorræna afstöðu. Einnig gæti verið gagnlegt að ná samstöðu um grundvallarreglur/sjónarmið sem gætu verið grundvöllur sameiginlegrar norrænar afstöðu.

**Skógariðnaðurinn í Finnlandi** telur að tillagan um að efla samnorræna afstöðu í málefnum skóga gagnvart ESB sé mikilvæg. Til að það megi takast þurfa löndin að verða sammála um að byggja á þremur grundvallaratriðum. Þeim er lýst í umsögninni.

**Norræna félagið í Noregi** styður tillöguna og vísar til 22. greinar í Helsingfors-samningnum þar sem segir að löndin skuli „bæði hvert um sig og sameiginlega leitast við að hlynna að hagsmunum Norðurlanda (í alþjóðlegum viðskiptamálum) og ráðfæra sig við hvert annað í því skyni“.

**Samtök norskra skógareigenda** lýsa yfir stuðningi við tillöguna og kalla eftir samnorrænni stefnu í málefnum skóga gagnvart ESB í ljósi þess að oft er krefjandi að fá hljómgrunn vegna málefna skóga hjá ESB.

**Bioenergi í Finnlandi** styður tillöguna og vísar til ákvarðanaferlis í sambandi við LULUCF-reglugerðina og RED2-tilskipunina sem sönnun þess að þetta sé í hag Norðurlanda.



**Samtökin Zero í Noregi** segja að aukinn sjálfbær lífmassi sé nauðsynlegur til að takast á við loftslagsvandann, sjálfbær skógrækt sé hluti af lausninni og að mikilvægt sé að reglur LULUCF-geirans geri skýran greinarmun á styttri og lengri kolefnishringrásarferlum. Grundvöllur útreikninga á að byggja á eilífðarsjónarmiði vegna stjórnunar skóga.

**Skogforsk í Svíþjóð** segir að ekki skuli ofmeta þýðingu ESB í þróun skógarnytja og minnir á að skógar þjóni meira sem útivistarsvæði til náttúrupplifunar annars staðar en í Norður-Evrópu, eins og kemur fram í tillögunni.

**WWF í Noregi** lýsir áhyggjum af því að aukin timburframleiðsla muni hafa neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og auka losun gróðurhúsalofttegunda. Það er bent á að mikilvægt sé að halda fast í markmið ESB um að LULUCF skuli vera kolefnishlutlaust. WWF minnir á að einn fimmta losunar gróðurhúsalofttegunda á hnattvísu megi rekja til skógareyðingar og að jarðvegur í skógum á Norðurlöndum geti orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna skógarhöggs og að losun geti aukist. WWF tekur vel í að auka verðmætasköpun í skógarnytjageiranum en að hún verði að vera samhliða aðgerðum til að auka upptöku koltvísýrings í skógunum.

#### **Sjónarmið nefndarinnar**

Sjálfbærnefndin gerir sér grein fyrir að skógar eru mikilvægir fyrir atvinnulíf og velferð um alla Evrópu en að þeir séu sérstaklega verðmætir fyrir Norðurlönd og Norður-Evrópu.

Nefndinni er ljóst að skógar tengjast fjölda annarra málaflokka, eins og loftslags- og orkumálum, varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og byggðapróun. Á vettvangi ESB eru það því margir málaflokkar sem hafa áhrif á málefni skóga þó mörkun stefnu í málefnum skóga í sjálfri sér sé ekki mál sem varðar ESB með beinum hætti.

Nefndin bendir á mikilvægi skógarins fyrir kolefnisbókhald og að úr skógum megi vinna efni sem geti komið í stað plasts.

Nefndin vísar til þess að samkvæmt Helsingfors-samningnum skuli norrænu löndin sameinast um að efla norræna hagsmunir. Norrænu löndin eru oft sjálfsagðir samstarfsaðilar innan ESB. Reynslan sýnir að það tekst ekki alltaf að samræma sjónarmið, það getur verið vegna þess að hagsmunir eru ólíkir. Ljóst er að á meðan Finnar fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2016 var reynt að samræma sjónarmið um málefni skóga.

Nefndin skráir hjá sér að þær umsagnir sem borist hafa benda til góðra undirtekta við markmið tillögunnar meðal hagsmunaaðila. Þó er bent á að það geti verið erfiðleikum bundið og að í sumum tilfellum geti aðrir bandamenn innan ESB legið betur við. Enn fremur er bent á að ef löndin gætu orðið sammála um sameiginlegan grundvöll gæti það auðveldað samræmingu sjónarmiða.



### Niðurstaða nefndarinnar

Nefndin telur að ríkisstjórnir norrænu landanna hafi fram að þessu verið hikandi við að samræma sjónarmið sín í tengslum við við pólitíska ákvarðanatöku á vettvangi ESB, en verið opnari gagnvart samráði og samræmingu í undirbúnings- og innleiðingarferlum. Eins og bent er á í tillögunni, bendir nýleg reynsla til þess að það geti borgað sig að vera opnari gagnvart því að samræma sjónarmiðin í samningaferli á vettvangi ESB og að leita eftir samstarfi við ríki sem hafa sömu skoðun. Margt bendir til að vilji til samræmingar á meðan á pólitísku ákvarðanaferli stendur hafi aukist. Nefndin telur að með því að samþykkja tillöguna geti Norðurlandaráð stuðlað að því að í framtíðinni leitist löndin í auknum mæli við að finna sameiginlegan grundvöll í sambandi við hagsmuni skógarnytja á Norðurlöndum.

Norrænu löndin hafa með sér formlegt samstarf um málefni skóga og rannsóknir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og hafa að miklu leyti sameiginlega sýn á skógarnytjar og sjálfbærar skógarnytjar. Eins og bent er á í mörgum umsagnanna, mætti auðvelda samræmingu ef Norðurlöndin gætu sammælst um ákveðna grundvallarþætti eða meginreglur, og svið málefna skóga þar sem sameiginleg afstaða er forgangsmál. Það er því bæði ástæða til og góðar forsendur fyrir því að fylgja eftir tillögu flokkahóps hægrimanna.

Tromsø í Noregi, þann 25. júní 2018

*Christian Poll (ALT)*

*Heidi Greni (Sp)*

*Jan Erik Messmann (DF)*

*Karin Gaardsted (S)*

*Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)*

*Lars Tysklind (L)*

*Laura Tàunâjik (S)*

*Pauli Trond Petersen*

*Rasmus Ling (MP)*

*Richard Jomshof (SD)*

*Suzanne Svensson (S)*

*Thomas Finnborg (M)*

*Vilhjálmur Árnason (Sj.)*

*Villum Christensen (LA)*

*Øystein Langholm Hansen (A)*